

taka að vísu ekki til endurtrygginga, en hins vegar þykir mega beita ákvæðum 39. gr. þeirra per analogiam um það tilvik, sem hér er til úrlausnar, enda er það grundvallarregla íslenzks réttar um vátryggingarstarfsemi, að tjónþola beri aldrei hærri bætur en raunverulegt tjón hans nam, og að sama skapi beri endurtryggjanda eigi að greiða hærri fjárhæð en sem svarar hluta hans af bótaskyldu tjóni. Með hliðsjón af þessu, svo og því, sem fyrr var rakið, þykir verða að fallast á það með stefnda, að honum hafi verið heimilt að umreikna tjónskröfuna úr íslenzkum krónum í sterlingspund á gengi kr. 70.6025. Ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Íslenzkar endurtryggingar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Samtryggingar íslenzkra botnvörpunga. Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 12. febrúar 1960.

Nr. 118/1958. **Jóhann Gunnar Ólafsson, uppboðshaldari í Ísafjarðarsýslu** (Árni Guðjónsson hdl.)

gegn

Helga Benediktssyni og

Guðmundi H. Oddssyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hdl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramenn Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ármann Snævarr.

Innheimta uppboðsskuldar.

Dómur Hæstaréttar.

Frey móður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Mál þetta var höfðað í héraði af Jóhanni Gunnari Ólafssyni, uppboðshaldara og skiptaráðanda í Ísafjarðarsýslu f. h.

Þrotabús Örvar-Odds h/f. Það athugast, að samkvæmt auglýsingu, dags. 20. desember 1955, er birt var í Lögbirtinga-blaði 31. s. m., var skiptum á Þrotabúi Örvar-Odds h/f lokið hinn 19. desember 1955. Samkvæmt málflutningi hafa skipti á búinu ekki verið tekin upp aftur. Getur búið því ekki verið aðili máls þessa, en rétt er að leggja þann skilning í máls-höfðunina, að málið sé sótt af Jóhanni Gunnari Ólafssyni, uppboðshaldara í Ísafjarðarsýslu, til innheimtu uppboðsandvirðis.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar, að því er varðar alla hina stefndu í héraði, með stefnu 22. ágúst 1958, og hefur hann fengið gjafsókn hér fyrir dómi. Í þinghaldi hinn 18. desember 1959 var málið fellt niður, að því er snertir málsaðiljann Samvinnutryggingar.

Það er *aðalkrafa* áfrýjanda, að stefndu verði in solidum dæmt að greiða honum kr. 55.119.64 ásamt 6% ársvöxtum frá 19. desember 1955 til greiðsludags. *Til vara* krefst hann þess, að stefndu verði gert að greiða nefnda fjárhæð pro rata, þannig að stefndi Helgi Benediktsson greiði $\frac{3}{4}$ hluta hennar, en stefndi Guðmundur H. Oddsson $\frac{1}{4}$ hluta. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er þá varðar, og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Þegar nauðungaruppboð á v/s Oddi, ÍS 205, fór fram hinn 7. júlí 1950 samkvæmt ákvörðun skiptaréttar í Þrotabúi Örvar-Odds h/f, bauð stefndi Helgi Benediktsson kr. 805.000.00 í skipið. Samþykkti uppboðshaldarinn boð hans með sim-keyti 13. s. m. Samkvæmt gögnum málsins gekk stefndi Guðmundur H. Oddsson inn í boðið með stefnda Helga, og var uppboðsafsal gefið þeim til handa hinn 19. júlí 1950, þannig að stefndi Helgi yrði eigandi skipsins að $\frac{3}{4}$ hlutum, en stefndi Guðmundur að $\frac{1}{4}$ hluta. Í máli þessu eru stefndu sóttir til greiðslu eftirstöðva uppboðsandvirðisins, og hefur því í málflutningi ekki verið sérstaklega andmælt af hálfu stefnda

Guðmundar, að hann beri ábyrgð á greiðslunni in solidum með stefnda Helga, ef á annað borð er um skuld að ræða.

Samkvæmt uppboðsskilmálum bar stefndu að greiða auk uppboðsverðs allan kostnað uppboðsins og öll ólokin gjöld og skatta, sem á skipinu hvildu. Eru þau gjöld að fullu greidd, og verður ekki dæmt um þau í þessu máli. Deiluefni milli aðilja er í fyrsta lagi það, hvort uppboðsverðið sjálft, kr. 805.000.00, sé að fullu greitt, og í öðru lagi, þó að eitthvað kunni á fulla greiðslu að breyta, hvort krafa uppboðshaldara á hendur stefndu um frekari greiðslu sé niður fallin.

Á uppboðsþinginu 7. júlí 1950 gerði uppboðshaldari grein fyrir veðböndum og höftum á skipinu, sem kunnugt var um. Samkvæmt skrá, er lögð var fram í uppboðsrétti 13. s. m., voru veðkröfur þessar samkvæmt áætlun:

1. Sjóveðréttar- og haldsréttarkröfur	kr. 224.715.49
2. Lán Fiskveiðasjóðs Íslands, tryggt með 1. veðrétti	— 300.000.00
3. Krafa Boston Deep Sea Fishing and Ice Company, er framseld hafði verið stefndu, tryggt með 2. veðr., £ 4.100-0-0	— 187.370.00
4. Lán Styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa, tryggt með 3. veðrétti	— 95.000.00
	Kr. 807.085.49
5. Auk þess var á uppboðsþingi 7. júlí lýst kröfu stefnda Guðmundar, tryggt með 4. veðrétti	— 75.000.00
	Alls kr. 882.085.49

Ganga mátti að því visu, að framangreindar fjárhæðir mundu eitthvað breytast, er þær væru gerðar upp að fullu. Einkum gat það átt við um sjóveðréttar- og haldsréttar-kröfur, enda hafði réttmæti þeirra þá ekki enn verið kannað. Komu og fram mótmæli þegar á uppboðinu gegn sumum sjóveðréttarkröfunum, þar á meðal kröfu stefnda Guðmundar, að fjárhæð kr. 89.141.99, en hún var ein þeirra krafna,

sem 1. töluliður hér að framan tekur til. Fór síðan fram málf lutningur fyrir skiptarétti Ísafjarðarsýslu um gildi þeirrar kröfu, þar sem stefndu héldu uppi vörnum. Dróst það mál mjög á langinn, en lauk með úrskurði skiptaréttarins, er upp var kveðinn hinn 20. maí 1955, og hefur honum ekki verið áfrýjað. Urðu úrslit þau, að sjóveðréttur var aðeins viðurkenndur fyrir kr. 2.530.46 af greindri kröfu.

Samkvæmt úthlutunargerð í þrotabúi Örvar-Odds h/f og öðrum gögnum málsins hafa stefndu ýmist tekið undir sjálfum sér, tekið að sér að greiða veðhöfum með samþykki þeirra eða greitt uppboðshaldara eftirtaldar fjárhæðir:

1. Tekið að sér að greiða 1. veðréttar lánið ..	kr. 300.000.00
2. Tekið undir sjálfum sér 2. veðréttar kröfuna	— 198.612.20
3. Tekið að sér 3. veðréttar kröfuna	— 97.559.68
4. Tekið undir sjálfum sér hluta af 4. veðréttar kröfunni	— 10.257.05
5. Tekið undir sjálfum sér sjóveðskröfu stefnda Guðmundar	— 2.530.46
6. Greitt uppboðshaldara hinn 20. júlí 1950 kr. 122.737.36, að fráðregnum uppboðskostnaði, kr. 56.056.51	— 66.680.85
7. Greitt af tryggingarfé	— 76.240.12

Kr. 751.880.36

Þegar þessi fjárhæð er dregin frá uppboðsverðinu, kr. 805.000.00, kemur fram hin umdeilda krafa, kr. 53.119.64.

Af hendi stefndu hefur ekki komið fram, að þeir hafi gert frekari skil á uppboðsverðinu en að framan er rakið. Verður því að leggja til grundvallar, að enn sé ógreitt af uppboðsverðinu kr. 53.119.64. Koma þá til athugunar þær málsástæður stefndu, að áfrýjandi hafi fyrirgert rétti til að krefjast frekari greiðslu úr hendi þeirra en þegar hefur verið innt af hendi.

Stefndu telja kröfu áfrýjanda ekki geta samrýmzt því, að þeim var veitt skilyrðislaust afsal fyrir v/s Oddi, IS 205, hinn 19. júlí 1950, þar sem því er lýst, að stefndi Helgi

hafi greitt kaupverðið, tekið að sér að greiða þar greindar veðskuldir, greitt kostnað við uppboðið og greitt og tryggt greiðslu á kröfum þeim, sem lýst var við uppboðið. Þá hafi og uppboðshaldari, er hann samþykkti boð stefnda Helga með símskeyti til hans hinn 13. júlí 1950, jafnframt tekið fram, að á uppboðinu hafi legið fyrir nákvæmar upplýsingar um áhvílandi sjóveðskröfur og aðrar veðkröfur, og því vafalaust, hve boð þyrfti að verða hátt, svo að hægt væri að neyta útlagningarréttar. Telja stefndu, að samkvæmt þessu hafi þeir mátt treysta því, að við greiðslu uppboðsverðsins mundu þeir taka undir sjálfum sér sjóveðskröfu stefnda Guðmundar, kr. 89.141.99, með fullri upphæð.

Að því er varðar orðalag uppboðsafsalsins, þá er því að vísu lýst þar, að stefndi Helgi hafi tryggt greiðslu á kröfum þeim, sem lýst var við uppboðið. Nú hefur hins vegar komið í ljós, að uppboðshaldari tók hvergi nærri næga tryggingu, og á málssókn sú, sem hér liggur fyrir, rætur til þess að rekja. En þó að uppboðshaldara hafi sézt yfir að krefjast nægrar tryggingar, þá á það ekki að leiða til þess, að stefndu losni við að greiða þann hluta uppboðsverðsins, sem tryggingin náði ekki til. Og ekki gat orðalag framangreinds símskeytis heldur gefið þeim næga ástæðu til að ætla, að uppboðshaldari hefði tekið umrædda sjóveðskröfu stefnda Guðmundar gilda, þar sem þeir vissu, að henni hafði verið mótmælt á uppboðsþinginu 7. júlí 1950 og að vafi var því um réttmæti hennar.

Í öðru lagi halda stefndu því fram, að áfrýjandi hafi með tómlæti um kröfugerð á hendur þeim firrt sig rétti til frekari greiðslu úr hendi þeirra. Þeir hafi ekki verið krafðir um eftirstöðvar uppboðsverðsins fyrr en með bréfi áfrýjanda, dags. 21. desember 1955, en þá hafi næstum hálf tólf áttíu ár verið liðið frá útgáfudegi uppboðsafsals.

Dráttur sá, sem á því varð, að unnt væri að gera endanleg reikningsskil út af uppboðinu, stafaði af óvissu um gildi oftnefndrar kröfu stefnda Guðmundar, er lýst hafði verið sem sjóveðskröfu, svo sem fyrr var getið. Undir úrlausn þess máls var komið, hvort eða hversu mikið stefndu kynnu

að eiga ógreitt af uppboðsverðinu. Nú stóð málflutningur um nefnda sjóveðskröfu yfir í skiptarétti Ísafjarðarsýslu fram til vors 1955, og voru stefndu aðiljar að þeirri deilu og máttu því vita, af hverju drátturinn stafaði. Verður krafa áfrýjanda því ekki talin niður fallin vegna tómlætis hans.

Samkvæmt framansögðu verða andmæli stefndu gegn kröfu áfrýjanda ekki tekin til greina. Ber stefndu því að greiða in solidum áfrýjanda kr. 53.119.64 ásamt 6% ársvöxtum frá 19. desember 1955 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málflutningslaun talsmanns áfrýjanda í héraði, Friðþjófs G. Johnsens héraðsdómslögmanns, kr. 6000.00. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Árna Guðjónssonar héraðsdómslögmanns, sem ákveðast kr. 7000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Stefndu, Helgi Benediktsson og Guðmundur H. Oddsson, greiði in solidum áfrýjanda, Jóhanni Gunnari Ólafssyni, uppboðshaldara í Ísafjarðarsýslu, kr. 53.119.64 ásamt 6% ársvöxtum frá 19. desember 1955 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda í héraði, Friðþjófs G. Johnsens héraðsdómslögmanns, kr. 6000.00, og málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Árna Guðjónssonar héraðsdómslögmanns, kr. 7000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 7. júlí 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 27. f. m., er höfðað fyrir

bæjarþingi Vestmannaeyja af Jóhanni Gunnari Ólafssyni, uppboðshaldara og skiptaráðanda í Ísafjarðarsýslu f. h. þrotabús Örvar-Odds h.f. á Flateyri, með stefnu, útgefinni 21. desember 1956, birtri 22. og 31. desember 1956, á hendur Helga Benediktsyni kaupmanni, Heiðarvegi 20 í Vestmannaeyjum, og Guðmundi H. Oddssyni skipstjóra, Drápuhlíð 42, Reykjavík, til greiðslu in solidum, en til vara pro rata, á skuld að upphæð kr. 53.119.69 ásamt 6% ársvöxtum frá 19. desember 1955 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Enn fremur krafðist hann viðurkenningar lögveðréttar fyrir kröfunum í v/s Oddi, V E 353.

Um sumarið 1957 strandaði v/s Oddur, V E 353, á Rifjarskerjum í Reyðarfirði og var síðan dæmdur óbætandi. Skipið var tryggt hjá Samvinnutryggingum í Reykjavík, og höfðaði stefnandi því sakaukamál með stefnu, útgefinni 9. desember 1957, birtri 10. s. m., á hendur Jóni Ólafssyni forstjóra f. h. Samvinnutrygginga, Sambandshúsinu, Reykjavík, og krafðist þess, að Samvinnutryggingar yrðu dæmdar til að greiða stefnukröfurnar af váttryggingarverði skipsins og málskostnað að skaðlausu.

Hinn 29. október 1957 veitti dómsmálaráðherra stefnanda gjafsókn í málinu fyrir héraðsdómi.

Í lok málsins voru réttarkröfur stefnanda á þá leið, að aðalstefndu verði in solidum, en til vara pro rata, dæmdir til að greiða honum kr. 53.119.64 auk 6% ársvaxta frá 19. desember 1955 til greiðsludags og að málskostnaður yrði tildæmdur honum, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, og viðurkennd verði með dómi skylda Samvinnutrygginga til að greiða stefnukröfurnar af váttryggingarfé v/s Odds, V E 353, og enn fremur að Samvinnutryggingar verði dæmdar til að greiða málskostnað, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Aðalstefndu létu mæta í málinu og gerðu þær dómkröfur, að þeir yrðu algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim yrði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnanda eftir mati dómara.

Mætt var einnig af hálfu Samvinnutrygginga og þær kröfur gerðar, að þær yrðu algerlega sýknaðar af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi hans eftir mati réttarins.

Með úrskurði, uppkveðnum 25. maí 1950 í skiptarétti Ísafjarðarsýslu, var hlutafélagið Örvar-Oddur á Flateyri tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar. Eina eign félagsins reyndist vera vélskipið Oddur, Í S 205, og ákvað skiptarétturinn að selja það á opin-

beru uppboði. Uppboðið fór fram hinn 7. júlí 1950 í bátahöfninni á Ísafirði. Samkvæmt veðbókarvottorði, er uppboðshaldari lagði fram, hvíldu þrjú þinglesin veð á skipinu, og verður þeirra getið síðar. Allmörgum sjóveðs-, lögveðs- og haldsréttarkröfum var lýst á uppboðinu, og námu þær samtals um 220 þús. króna. Meðal þeirra var sjóveðskrafa frá stefnda, Guðmundi H. Oddssyni, að fjárhæð kr. 85.325.51. Kröfu þessari var andmælt af öðrum uppboðsaðiljum og svo var einnig um sumar hinna veðkrafanna, er lýst var. Stefndi Guðmundur H. Oddsson lét einnig sýna í réttinum óþinglesið veðbréf til Samvinnutrygginga, að fjárhæð kr. 75.000.00, útgefið 4. nóvember 1948, tryggt með 4. veðrétti í skipinu.

Uppboðshaldari lýsti yfir í byrjun uppboðsins, að kostnaðurinn við skipti á þrotabúi Örvar-Odds skyldi greiðast af uppboðs- andvirðinu.

Í uppboðsskilmálum var m. a. tekið fram, að kaupandi skyldi borga uppboðsandvirðið, um leið og boð hans væri samþykkt, svo og allan kostnað við uppboðið, þar á meðal 3% í innheimtulaun af uppboðsandvirðinu.

Á öðrum veðrétti skipsins hvíldu £4100-0-0 til Boston Deep Sea Fishing and Ice Co., samkvæmt veðbréfi, útg. 1. júlí 1948. Á uppboðsdegi voru hinir stefndu eigendur að bréfi þessu, og mætti stefndi Helgi Benediktsson sjálfur á uppboðinu og sýndi veðbréfið með árituðu framsali til þeirra. Gerði hann boð í skipið og krafðist útlagningar þeim til handa sem ófullnægðum veðhöfum á 2. veðrétti. Boðið var á móti, og var hæsta boð hans kr. 805.000.00. Eftir það komu nokkur boð fram, og varð hæsta boð kr. 910.000.00. Síðan var uppboðsréttinum slitið. Uppboðsréttur var settur aftur hinn 13. s. m. Engir aðiljar uppboðsins voru þar mættir, enda kemur hvergi fram, að nokkur þeirra hafi verið boðaður. Uppboðshaldari gerði þar grein fyrir þeim veðkröfum, sem ætla mætti að hvíldu á skipinu, og var áætlun hans á þessa leið:

Sjóveð o. fl.	kr. 224.715.49
Fiskveiðasjóðslán, tryggt með 1. veðrétti	— 300.000.00
Boston Deep Sea (H. B. og G. H. O.) á 2. veðrétti —	187.370.00
Styrktar og lánasjóður á 3. veðrétti	— 95.000.00

Alls kr. 807.085.49

Uppboðshaldari lagði fram símskeyti frá hæstbjóðendum, þar sem þeir lýstu yfir, að þeir myndu ekki standa við boð sín. Ákvað

því uppboðshaldari að samþykkja boð stefnda Helga Benediktssonar og tilkynnti honum þá ákvörðun með símskeyti. Tók hann jafnframt fram, að útlagningarkrafan yrði ekki tekin til greina, og bæri honum því að greiða uppboðsandvirðið, kr. 805.000.00, að fullu ásamt kostnaði, stimpilgjaldi, þinglesturgjaldi og vita- og lestargjaldi, kr. 56.056.51, eða alls kr. 861.056.51, að svo miklu leyti sem hann næði ekki samkomulagi við veðhafa. Stefndi vildi í fyrstunni ekki sætta sig við þessa ákvörðun, en endirinn varð þó sá, að hann samþykkti að standa við boð sitt, en óskaði eftir, að stefndi Guðmundur H. Oddsson yrði kaupandi að skipinu að $\frac{1}{4}$ hluta. Síðan var leitað samþykkis veðhafa. Fiskiveiðasjóður tilkynnti uppboðshaldara með símskeyti hinn 18. júlí, að hann samþykkti, að hinir stefndu tækju að sér greiðslu á fyrsta veðréttarláni v/s Odds með óbreyttum skilmálum veðskuldabréfsins, og sama dag tilkynnti fjármálaráðuneytið, að Helgi Benediktsson hefði samið um veðskuld Styrktar- og lánasjóðs. Nokkru áður, eða hinn 15. júlí, hafði Guðmundur H. Oddsson tilkynnt uppboðshaldara í símskeyti, að hann framseldi Helga Benediktssyni sjóveðskröfur sínar, um 90 þús. krónur. Síðan lét Helgi Benediktsson greiða uppboðshaldara eftir kröfu hans kr. 122.737.36 og setti bankatryggingu fyrir kr. 77.000.00. Af þeirri fjárhæð greiddi bankinn 19. júlí 1950 kr. 76.240.12 til uppboðshaldara, og segir í skilagrein bankans, að hér hafi verið um að ræða greiðslu á sjóveðskröfum vegna v/s Odds. Um sama leyti greiddi Helgi Benediktsson Marselíusi Bernharðssyni á Ísafirði kr. 15.084.44 vegna v/s Odds, og vegna kaupanna á skipinu, að því er hann segir, en ekki liggur ljóst fyrir, hvernig greiðslu þessari er farið. Ekki er kunnugt um aðrar greiðslur frá hendi hinna stefndu á þessum tíma.

Er umræddar greiðslur höfðu farið fram, fengu stefndir afsal fyrir skipinu. Það er dagsett 19. júlí 1950 og er svo hljóðandi:

„Á nauðungaruppboði, sem haldið var 7. júlí s. l. á m.s. Oddur, Í.S. 205, ásamt tilheyrandi, eign þrotabús h.f. Örvar-Oddur, Flateyri, bauð Helgi Benediktsson, kaupmaður, Vestmannaeyjum, af sinni hálfu og Guðmundar H. Oddssonar, skipstjóra, í skipið kr. 805.000.00 — átta hundruð og fimm þúsund krónur — og samþykkti uppboðshaldari það boð.

Kaupverðið hefur kaupandi greitt þannig:

1. að hann hefur tekið að sér að greiða til Fiskiveiðasjóðs Íslands kr. 300.000.00 — þrjú hundruð þúsund krónur — sem hvíla á skipinu með 1. veðrétti.
2. að hann hefur leyst til sín £ 4100-0-0 skuld við Boston

Deep Sea o. s. frv., sem hvílir á skipinu með 2. veðrétti.

3. að hann hefur tekið að sér að greiða lán Styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa, kr. 95.000.00, sem hvílir á skipinu með 3. veðrétti, að svo miklu leyti, sem boð hans hrekkur til.

Þar sem Helgi Benediktsson hefur greitt kaupverðið og tekið að sér að greiða framangreindar veðskuldir, hefur greitt kostnað við uppboðið kr. 56.056.51 og greitt og tryggt greiðslur á kröfum þeim, sem lýst var við uppboðið, þá lýsi ég hann réttan eiganda hinnar seldu eignar þannig, samkvæmt ósk hans, að hann verði eigandi að $\frac{3}{4}$ hlutum, en Guðm. H. Oddsson að $\frac{1}{4}$ hluta.

Kaupandi hefur greitt stimpilgjald og þinglesturgjald af afsali þessu og vita- og lestargjald fyrir árið 1950.“

Úthlutunargerð á uppboðsandvirðinu var hvorki samin né afgreidd á þann veg, sem 34. gr. laga nr. 57/1949 ætlast til. Ekki var hinum stefndu heldur gefið upp, hvernig greiðslum þeirra yrði ráðstafað, er þeir inntu af hendi upp í uppboðsverðið, en uppboðshaldari mun hafa sagt þeim, að skilagrein væri væntanleg, er skiptum lyki í þrotabúi Örvar-Odds. Þrátt fyrir orðalag afsalsins segir stefnandi, að aldrei hafi verið til þess ætlazt, að greiðslur stefndu væru full skil á uppboðsverðinu, og hafi stefndu verið þetta fullkunnugt. Meðal annars hafi kostnaður við skipti á þrotabúinu ekki verið innifalinn í þeim greiðslum, er stefndu inntu af hendi, enda hafi ekki verið unnt á þeim tíma að gera sér nákvæma grein fyrir, hve miklu hann mundi nema. Kveðst stefnandi hafa leitað álits fjármálaráðuneytisins, hvort ástæða væri til að krefjast tryggingar fyrir greiðslu hans, og fengið það svar, að þess væri ekki þörf, vegna þess að eignir búins væru honum til tryggingar. Eins kveðst stefnandi ekki hafa krafizt tryggingar fyrir sjóveðskröfu Guðmundar H. Oddssonar, þar eð hún hafi verið framseld Helga Benediktssyni.

Í málinu liggur fyrir sundurliðun á kostnaði við uppboðið, kr. 56.056.51. Kemur þar fram, að uppboðshaldari hefur — andstætt fyrirmælum 1. mgr. 11. gr. laga 57/1949 — reiknað sér innheimtulaun af boðinu í skipið, kr. 805.000.00, að viðbættum kostnaði, kr. 215.00.

Eftir að hinir stefndu höfðu fengið afsal fyrir skipinu, létu þeir sigla því til Vestmannaeyja, og var það skráð þar með óbreyttu nafni, en með umdæmistölunni V E 353.

Sjóveðskröfum Guðmundar H. Oddssonar var mótmælt fyrir

uppbóðsréttinum, eins og fyrr segir. Skiptarétturinn í Ísafjarðarsýslu tók mál þetta til meðferðar, og gekk í því úrskurður hinn 20. maí 1955. Var niðurstaðan á þá leið, að Guðmundur H. Oddsson ætti kröfu á búið, að fjárhæð kr. 2.530.46, og fylgdi henni sjóveðréttur í skipinu. Jafnframt kemur fram í úrskurðinum, að á skiptafundi í þrotabúinu 20. febrúar 1951 hefði hluti af kröfunum, eða kr. 1.116.20, verið samþykktur sem sjóveðskrafa, en kr. 2.700.28 sem almennar kröfur. Að öðru leyti var kröfum hans hafnað. Var því um verulega niðurfærslu að ræða frá hinum upphaflegu kröfum hans.

Hinn 27. maí 1953 skrifaði Helgi Benediktsson skiptaráðanda og spurðist fyrir um, hvað liði skiptum í þrotabúi Örvar-Odds og uppgjóri um sölu skipsins Odds með fylgifé. Kvaðst hann þurfa að fá skilagrein yfir þetta vegna uppgjörs á skipskaupunum við meðeiganda sinn. Stefnandi svaraði þessari fyrirspurn með bréfi, dags. 4. júní 1953, og kvað skiptum enn ekki lokið, en minnst ekki á uppgjör á uppbóðssölunni. Enn skrifaði Helgi Benediktsson stefnanda hinn 11. nóvember 1954 og óskaði eftir, að hann sendi honum tæmandi uppgjör yfir kaupin á v/s Oddi. Kvaðst hann aldrei hafa fengið uppgjör yfir skuldirnar, sem rúmuðust innan boðs síns. Óskaði hann eftir að fá skilagrein, þar sem forgangs- og haldsréttarkröfur væru tilgreindar og sundurliðaðar og upphæðir samningsveðs á 1. og 2. veðrétti ásamt vöxtum, og loks væri gefið upp, hvað greiðast skyldi af 3ja veðréttarláninu. Ekki er upplýst, hvort stefnandi svaraði þessu bréfi. Önnur bréfaskipti en þau, er nú hafa verið greind, virðast ekki hafa farið milli aðilja máls þessa, meðan búskiptin stóðu yfir.

Á skiptafundi í þrotabúinu, sem haldinn var 18. apríl 1955, lagði skiptaráðandi fram endurrit af dómi í máli, er Karl Jónsson hafði höfðað gegn Örvar-Oddi h.f. Dómurinn var kveðinn upp í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur 15. júlí 1950, og var niðurstaðan, að Örvar-Oddur h.f. skyldi greiða Karli Jónssyni kr. 18.546.00 auk vaxta og kostnaðar og sjóveðréttur viðurkenndur í v/s Oddi fyrir dæmdum fjárhæðum. Krafa þessi hafði borizt frá lögfræðingi í Reykjavík, og hafði henni ekki verið lýst á uppbóðinu. Skiptafundurinn ákvað að samþykkja kröfuna. Á fundi þessum var mætt af hálfu hinna stefndu sem kröfuhafa í búinu.

Á skiptafundi hinn 19. desember 1955 var lagt fram frumvarp að úthlutunargerð í búinu og greinargerð um eignir og skuldir

búsins. Samþykkt var að ljúka skiptum samkvæmt úthlutunargerðinni, eins og bókað er í skiptabókinni. Á fundinum var mætt af hálfu allra samningsveðhafa í skipinu, og þar á meðal var mættur umboðsmaður fyrir hina stefndu, er jafnframt var umboðsmaður Karls Jónssonar. Með því að skipið var eina eign þrotabúsins, hafði úthlutunargerðin einnig inni að halda úthlutun á uppboðsandvirðinu, og var hún á þessa leið:

1. Skiptakostnaður	kr.	1.327.30
2. Skiptagjald	—	24.200.00
3. Lögveðs- og sjóveðskröfur	—	173.043.77
4. Samningsveð í skipinu:		
Fiskiveiðasjóður, 1. veðr.	—	300.000.00
Boston Deep Sea, 2. veðr.	—	198.612.20
Styrktar- og lánasjóður, 3. veðr.	—	97.559.68
Samvinnutryggingar, 4. veðr., að hluta	—	10.257.05

Kr. 805.000.00

Samkvæmt þessari úthlutun urðu allmiklar breytingar á ráðstöfun uppboðsandvirðisins frá því, sem gert var ráð fyrir eða ætla má að gert hafi verið ráð fyrir í uppboðsréttinum. Sjóveðskrafa Guðmundar H. Oddssonar fellur að mestu niður og nokkrar aðrar breytingar verða á lýstum sjóveðs- og haldsréttar kröfum, ýmist til hækkunar eða lækkunar, og er sú mest, að haldsréttarkrafa Marselíusar Bernharðssonar hækkar um tæpar 8 þús. krónur. Tvær nýjar lögveðskröfur eru teknar til greina, sem ekki hafði verið lýst á uppboðinu. Önnur var útvarpsgjald, kr. 100.00, en hin var sjóveðskrafa Karls Jónssonar, sem nam alls að fjárhæð kr. 27.592.34. Samningsveðhafi á 3. veðrétti fær fulla greiðslu, og fjórðaveðréttarhafi fær hluta af kröfu sinni.

Skiptaráðandi sendi Helga Benediktssyni endurrit af úthlutunargerðinni með bréfi, dags. 21. desember 1955, og skoraði á hann að senda sér skilríki fyrir því, að hann hefði náð samningum við veðhafa, og enn fremur kr. 55.650.00 til greiðslu á skiptakostnaði og skiptagjaldi og tveimur ógreiddum sjóveðskröfum og tók það jafnframt fram, að kröfum þessum fylgdi veð í skipinu. Bréfi þessu svaraði Helgi Benediktsson skriflega hinn 28. febrúar 1956 og andmælti kröfunum og kvað þær sér óviðkomandi. Áður en stefnanda barst bréf þetta, sendi hann kröfuna til bæjarfógetans í Vestmannaeyjum til innheimtu, og var hún þá á þessa leið:

Skiptakostnaður	kr. 1.327.30
Skiptagjald	— 24.200.00
Krafa Karls Jónssonar	— 27.592.34

Kr. 53.119.69

Samlagningarskekkja er í útkomunni, er munar 5 aurum.

Innheimtutilraunir bæjarfógetans í Vestmannaeyjum báru ekki árangur, og var krafan endursend stefnanda. Höfðaði stefnandi svo mál þetta og gerði þær kröfur, sem fyrr segir.

Stefnandi fullyrðir, að hinum stefndu hafi verið vel ljóst, er þeir fengu afsal fyrir skipinu, að þeir hefðu ekki staðið full skil á uppboðsandvirðinu, og ekki hafi verið unnt að semja endanlega úthlutunargerð, fyrr en við lok skipta í þrotabúi Örvar-Odds. Komi þetta skýrt fram í bréfum Helga Benediktssonar 27. maí 1953 og 11. nóvember 1954, sem áður er getið. Kröfur sínar í máli þessu kveður stefnandi hafa haldizt áfram sem lögveð og sjóveð í skipinu, og eftir að skipið var dæmt óbætandi, hafi þær færzt yfir á váttryggingarfé þess. Skiptakostnaði og skiptagjaldi, segir hann, að fylgi lögveðréttur samkvæmt 82. gr. skiptalaga, og kröfu Karls Jónssonar fylgi sjóveðréttur samkvæmt ákvörðun sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur. Svo hefur hann lagt á það mikla áherzlu, að úrlausn skiptaréttarins beri að jafna til dómsúrlausnar og verði ekki hrundið af hliðstæðum dómstóli, en áfrýjunarfrestur sé löngu liðinn.

Aðalstefndu kveðast hafa gert full skil á kaupverði skipsins, um leið og afsalið var gefið út, og geti uppboðshaldari því ekki gert frekari kröfur. Afsalið beri þetta glöggt með sér, því að þar standi skýrum orðum, að kaupverðið sé greitt ásamt kostnaði. Einnig benda þeir á, að uppboðshaldari hafi ekki notað að fullu bankatrygginguna, er sett var, er kaupin fóru fram, og hann hafi tekið í sinn hlut innheimtulaun af öllu uppboðsverðinu, en hvort tveggja þetta sýni, að um fulla greiðslu var að ræða. Auk þess telja aðalstefndu, að í orðum afsalsins felist ótvíræð bindandi yfirlýsing frá hálfu uppboðshaldara, er hafi endanlega svipt hann færi á að heimta frekari greiðslur. Kæmi honum því ekki að haldi, þótt svo væri, að hann kynni að geta sýnt fram á, að eitthvað væri ógreitt af uppboðsverðinu. Enn telja þeir, að stefnandi hafi ekki farið að lögum, er hann tók til greina hærri kröfur en lýst var á uppboðinu og dró inn nýjar kröfur, sem ekki hafði verið lýst, og sé því m. a. kröfugerð hans vegna Karls Jónssonar óheimil með

öllu. Svo telja þeir, að skiptaráðandi geti ekki verið aðili málsins, heldur aðeins uppboðshaldari. Að lokum telja þeir, að stefnukröfurnar séu fyrndar eða að minnsta kosti niðurfallnar fyrir vangeymslu.

Bæði aðalstefndu og Samvinnutryggingar eru á einu máli um, að ekki geti verið um lögveðrétt að ræða í skipinu eða váttryggingarfénu fyrir stefnukröfunum.

Um greiðslur aðalstefndu á uppboðsverði skipsins er það upplýst, að auk þeirra greiðslna, er fyrr getur, hafi þeir einnig leyst til sín veðbréf Samvinnutrygginga á 4. veðrétti skipsins. Samkvæmt úthlutunargerðinni frá 19. desember 1955 námu eftirstöðvar bréfsins kr. 58.243.11. Upplýsingar um innlausn bréfsins eru komnar frá stefnanda, enda virðast aðalstefndu telja sér óskyld að gera grein fyrir, hvernig uppboðsverðið var innt af hendi.

Ekki verður fallt á, að aðildarskortur sé fyrir hendi, þótt skiptaráðandi sé ásamt uppboðshaldara fyrirsvarsmaður þrotabúsins í máli þessu. Samkvæmt 11. gr., 1. mgr., laga nr. 57/1949 er uppboðshaldara skyld að innheimta uppboðsandvirði, og var því nægilegt, að hann stæði einn að málinu. En skiptaráðandi er að lögum fyrirsvarsmaður búsins, og ganga má út frá, að skiptafundur í búinu hafi verið því samþykkur, að hann ætti hlut að málshöfðuninni.

Skiptagjaldi og skiptakostnaði fylgir ekki lögveð í ákveðinni eign, heldur aðeins forgangsréttur við skipti á viðkomandi búi, og sjóveðréttur í skipi fellur niður við sölu á nauðungaruppboði samkvæmt 239. gr. siglingalaga. Vangreiddu uppboðsandvirði fylgja ekki heldur lögveðréttindi. Um lögveð er því ekki að ræða fyrir kröfum stefnanda í váttryggingarfé skipsins. Þegar af þessum ástæðum verða stefndu Samvinnutryggingar algerlega sýknaðar af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnandi tekur réttilega fram, að ekki sé það á valdi þessa réttar að breyta úrlausnum skiptaréttarins. Sama gildir að sjálf-sögðu um úrlausnir uppboðsréttarins. Skiptarétturinn hefur m. a. ákveðið, hvaða kröfur í búið skulu teknar til greina og hvernig úthlutun skuli hagað. Þau ágreiningsatriði málsins, er að þessu lúta, koma því hér ekki til álita. Í úthlutunargerð skiptaráðanda er hins vegar rætt um, að kaupendum skipsins, þ. e. a. s. aðalstefndu, beri að inna af hendi greiðslur til viðbótar því, er þeir hefðu áður greitt. Ekki virðist heimilt að líta á þessi ummæli sem bindandi dómsúrlausn, enda hefði þá skiptarétturinn farið

út fyrir það svið, sem honum er markað í lögum. En hvað sem því líður, liggja einnig fyrir í málinu úrlausnir og ákvarðanir uppboðsréttarins, og fram hjá þeim verður ekki gengið, þar sem uppboðsrétturinn hafði vald til að kveða á um skyldur aðalstefndu, en skiptarétturinn ekki. Væri málum þannig farið, að ekki væri unnt að samrýma úrlausnir þessara rétta, yrði það uppboðsrétturinn sem réði. Dómsgerðir uppboðsmálsins liggja fyrir í máli þessu. Hvergi er þar minnst á, að víkja eigi frá ákvæði uppboðsskilmálanna um fulla greiðslu um leið og boð er samþykkt, og hvergi er þar heldur rætt um, að ástæða sé til að víkja frá fyrirmælum 33. og 34. gr. laga nr. 57/1949. Lokaafgreiðsla uppboðsréttarins er svo afsalið, sem tilfært er hér að framan orðrétt. Afsalið ber að skýra, eins og orð þess segja til. Eins og það ber með sér, er þar fram tekið án nokkurs fyrirvara, að kaupverðið sé greitt og kaupendur hafi yfirtekið áhvílandi veðskuldir og greitt og tryggt greiðslu á kröfum, sem lýst var við uppboðið. Yfirlýsingar þessar geta tæplega orkað tvímælis, og virðast sýna ótvírætt, að uppboðsrétturinn hefur talið og lýst yfir, að full skil hefðu fram farið af hálfu hinna stefndu. Stefndandi hefur raunar viljað halda því fram, að afsalið væri skilorðsbundið, og vitnað til orðanna: „að svo miklu leyti, sem boð hans hrekkur til“, þar sem rætt er um þriðja veðréttarlánið. Þessi skýring virðist óheimil með tilliti til yfirlýsinganna, sem á eftir fara. Í hinum tilvitnuðu orðum virðist felast, að upphæð samningsveðsins á þriðja veðrétti sé háð óvissum lýstum kröfum (sem eru tryggðar samkvæmt afsalinu) og kunni því að breytast til hækkunar, ef þær yrðu ekki teknar til greina að einhverju leyti. Samkvæmt þessu hefur afsalið ekki inni að halda neina heimild fyrir kröfunum, sem gerðar eru í málinu.

Ekki virðist því heldur til að dreifa, að aðalstefndu hafi viðurkennt, eftir að afsal var gefið út, að þeim væri skylt að greiða annað og meira en áhvílandi samningsveðskuldir. Í bréfum Helga Benediktssonar frá 27. maí 1953 og 11. nóvember 1954, virðist ekki felast annað en tilmæli um að fá skilagrein, ekki sízt í því skyni að fá fram réttar upphæðir samningsveðanna svo og hversu miklu næmi sjóveðskrafa meðeigandans, Guðmundar H. Oddssonar.

Ekki virðist heimilt að líta svo á, að umboðsmaður hinna stefndu hafi viðurkennt stefnukröfurnar fyrir skiptaréttinum, þótt hann hafi samþykkt að ljúka skiptum samkvæmt úthlutunargerðinni, enda hefur stefndandi ekki borið þetta atriði sér-

staklega fyrir sig. Umboðsmaðurinn virðist einungis hafa mætt fyrir hina stefndu sem kröfuhafa í búið, en ekki sem kaupendur að skipinu, og hefur þar af leiðandi ekki haft heimild til að baka þeim fjárskuldbindingar.

Með tilvísun til ofanritaðs verða kröfur stefnanda ekki teknar til greina, og verða því aðalstefndu sýknaðir að öllu leyti, en rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður, að því er þá varðar.

Rétt þykir að ákveða, að stefnandi greiði stefndu Samvinnu-tryggingum kr. 4.000.00 í málskostnað.

Málflutningslaun talsmanns stefnanda hér fyrir dóminum, Friðþjófs G. Johnsens hdl., þykja hæfilega ákveðin kr. 6.000.00, og greiðast úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Stefndu, Helgi Benediktsson og Guðmundur H. Oddsson og stefndi Jón Ólafsson f. h. Samvinnutrygginga, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Jóhanns Gunnars Ólafssonar, uppboðshaldara og skiptaráðanda í Ísafjarðarsýslu f. h. þrotabús Örvar-Odds h.f., í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda Jóni Ólafssyni f. h. Samvinnutrygginga kr. 4.000.00 í málskostnað, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Málflutningslaun talsmanns stefnanda, Friðþjófs G. Johnsens héraðsdómslögmanns, kr. 6.000.00, skulu greiðast úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.